

Svar

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um nýgengi krabbameins á Norðurlöndunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er munur á nýgengi og tíðni krabbameins á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum, tilgreint eftir tegundum, og ef svo er, í hverju er munurinn aðallega fölginn?

Krabbamein á Norðurlöndunum.

Hér að aftan má sjá árlegt aldursstaðlað nýgengi fyrir tíðustu mein á Norðurlöndunum árin 1995–1999. Tölur eru fengnar úr NORDCAN-gagnagrunninum sem er öllum opin á netinu á slóðinni: <http://ncu.cancer.dk/ancr/nordcan.shtml>.

Árlegt aldursstaðlað nýgengi af 100.000 (miðað við alþjóðlegan aldursstaðal).

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Karlar					
Öll mein	285	269	294	296	252
Blöðruhálskrabbamein	33	72	76	70	70
Lungnakrabbamein	47	41	34	36	21
Ristil- og endaparmskrabbamein	38	26	33	42	30
Konur					
Öll mein	284	223	280	255	242
Blöðruhálskrabbamein	84	76	80	71	80
Lungnakrabbamein	30	9	29	17	13
Ristil- og endaparmskrabbamein	31	19	23	34	23

Ef öll krabbamein eru tekin saman má sjá að nýgengi krabbameina meðal karla á Íslandi er svipað og í Noregi og lítið eitt hærra en í Danmörku. Nýgengi blöðruhálskirtilskrabbameins er heldur hærra á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum. Lágt nýgengi blöðruhálskirtilskrabbameins í Danmörku skýrist væntanlega af því að þar eru PSA-mælingar fremur sjaldgæfar, en þær leiða oft til greiningar. Hins vegar er vert að taka fram að dánartíðni er svipuð alls staðar á Norðurlöndunum.

Ef öll krabbamein eru tekin saman má sjá að nýgengi krabbameina meðal kvenna á Íslandi er svipað og í Danmörku og er nýgengi brjóstakrabbameins hátt í báðum löndunum. Einnig er nýgengi lungnakrabbameins hærra á Íslandi og í Danmörku en annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta má rekja til meiri reykinga kvenna í þessum tveimur löndum og hvað Ísland varðar skiptir miklu að á síðustu öld byrjuðu íslenskar konur fyrr að reykja mikið borið saman við það sem tíðkaðist annars staðar á Norðurlöndum.